

## 98. fundur

### Aukafundur í skólaráði Fossvogsskóla haldinn föstudaginn 10. desember 2021 kl. 15:00

Mætt eru: Halla Gunnarsdóttir, Helena Róbertsdóttir, Unnur Björnsdóttir, Karl Óskar Þráinsson, Gísli Sigurðarson og Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson.

Fundurinn fór fram á Teams.

#### Dagskrá:

Tillaga stjórnenda Fossvogsskóla að færa jólaskekkmtanir nemenda frá 20. desember til 17. desember.

- Rætt var um tillögu skólastjórnenda að færa jólaskekkmtanir nemenda sem fara á fram 20. desember samkvæmt skóladagatali til 17. desember. Skólaráð samþykkti breytinguna. Einnig var samþykkt að skólastjóri setti saman könnun sem leggja á fyrir starfsfólk skólans hvort breyta eigi skóladagatalinu. Möguleikar á svari verða tveir:
  - Já (þá verður ekki kennsla mánudaginn 20. desember en lengri dagur í byrjun apríl).
  - Nei (þá verður skertur dagur mánudagurinn 20. desember).
- Ef breytingin verður samþykkt af starfsfólki er hugmyndin að hafa lengri dag í apríl sem helgaður yrði útiveru og heilsueflingu. Stefnt yrði að því að hafa samstarf við Víking, Neðstaland og foreldrafélagið um framkvæmdina.
- Ef breytingin verður samþykkt þarf skólinn að taka við nemendum, sem ætla í Neðstaland, kl. 11:00 og vera með þau þar til Neðstaland tekur á móti þeim.

Foreldrafélag skólans ætlar að bjóða starfsfólki skólans morgunmat. Hugmyndin var að hafa hann í Hjálpræðishernum að morgni 20. desember og ætlaði Herinn að sjá um veitingarnar. Á fundinum var ákveðið að fresta morgunverðinum þar til allt starfsfólk skólans getur snætt hann saman en eins og ástandið er núna hefur starfsfólkið verið í „búbbu“ í Korpu og færanlegum stofunum í Dalnum. Skólinn býður í staðinn upp á jólakaffi á hvorri starfsstöð eftir skóla á föstudag.

Fundargerð ritaði Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson.